

Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
105 Reykjavík

**Efni: Athugasemdir við frummatsskýrslu fyrir 6.800 tonna framleiðslu á regnbogasilungi og 200 tonna framleiðslu á þorski í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi á vegum Hraðfrystihússins – Gunnvarar h.f.**

Þann 19. nóvember s.l. auglýsti Skipulagsstofnun til kynningar og athugasemda frummatsskýrslu um 6.800 tonna framleiðslu á regnbogasilungi og 200 tonna framleiðslu á þorski í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi. Framkvæmdin er á vegum Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf. Í skýrslunni er fjallað um ýmsa þætti framkvæmdanna, s.s. staðsetningu eldissvæða, fyrirkomulag eldisins, staðhætti, umhverfisþætti, lífríki o.fl. Þó skýrslan fjalli um mismunandi þætti framkvæmdanna og áhrifa af henni, er umfjölluninni greinilega ætlað að búa til jákvæða mynd af framkvæmdunum og gera minna úr neikvæðum áhrifum hennar. Í heild sinni rýrir þetta frekar trúverðugleika skýrslunnar, fyrir þá sem til þekkja og verður það til þess að ekki er hægt að líta á skýrsluna sem hlutlæga og hlutlausu.

Athyglisvert er að víða í skýrslunni er talað um eldi laxfiska, þó svo að titill skýrslunnar gefi til kynna að um sé að ræða umsókn um leyfi til eldis regnbogasilungs (og þorsks). Umhverfisáhrif sjókvíaeldis geta verið mismikil eftir því um hvaða fisktegund er að ræða og er það því skýlaus krafa að nöfn eldistegunda séu nákvæm í framkvæmdalýsingu, þannig að ekki fari á milli mála um hvaða tegund er verið að fjalla. Í kafla 1.5 í skýrslunni (bls. 10) segir einnig:

*„Þar sem erfiðlega hefur gengið að fá heimild til að vera með eldi laxfiska í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi hefur verið tekin ákvörðun um að sækja fyrst um leyfi til eldis á regnbogasilungi. Þegar leyfi til eldis regnbogasilungs liggur fyrir mun verða sótt um leyfi til laxeldis í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi. Í þessum áfanga er því óskað eftir umhverfismati á 6.800 tonna eldi á regnbogasilungi og 200 tonna eldi á þorski.“*

Það er umhugsunarvert að fyrir liggi fyrirætlanir af hendi framkvæmdaaðila um eldi á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi og að leyfi til eldis regnbogasilungs sé fyrsta skrefið. Í ljósi þess verður að telja eðlilegt að framkvæmdaaðili geri grein fyrir fyrirbyggjandi heildaráætlunum sínum varðandi sjókvíaeldi á framkvæmdasvæðinu, en að öðrum kosti verður ekki séð hvaða tilgangi yfirlýsingin gegnir. Einnig kemur fram í skýrslunni að inni í myndinni sé að eldissvæði við Látur í Mjóafirði og Blævardal í Ísafirði verð ekki notuð. Ekki verður séð að hægt sé að gera endanlegar athugasemdir við lýsingu á framkvæmdinni í heild, þegar slík ónákvæmni er í fyrirætlunum. Nýting ákveðinna eldissvæða getur haft mikið að segja um áhrif framkvæmdanna á hina ýmsu þætti. Sama má segja um hvaða tegund er fjallað og hvar áhrif af eldi koma fram og með hvaða hætti það getur gerst.

Mjög mikilvægt ~~er~~ <sup>er</sup> gert sé heildarmat á stærri svæðum (nýtingaráætlun) m.t.t. mismunandi nýtingar þeirra á komandi árum (t.d. 10-15 ára). Slík nýting gæti verið ferðaþjónusta, veiðinýting, eldi, varðveisla lítið snortinna svæða o.fl. og myndi í þessu tilfelli ná yfir allt Ísafjarðardjúp og innfirði þess. Hvað sjókvíaeldi varðar, myndi slíkt mat skýra hvort og þá hvar leyfa ætti eldi í sjókvíum, með hvaða fisktegundum, eldismagn á hverjum stað og tíma, auk fleiri þátta sem máli eru taldir skipta. Það er sjálfsögð krafa að sú auðlind sem náttúra Ísafjarðardjúps er, sé nýtt á þann hátt að ein atvinnugrein


gangi ekki á rétt annarra sem svæðið nýta. Þar má t.d. nefna fisk- og rækjuveiðar, veiðar á öðrum tegundum s.s. fugli og sel, en sjókvíaelðið getur einni haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu.

Ein forsenda þess að sjókvíaelði í Ísafjarðardjúpi sé talið vænlegur kostur, er hlýnandi loftslag á undanförunum árum. Í því sambandi verður að athuga að mikil óvissa er í spám um þróun veðurfars og ekki hægt að útiloka kólnun af náttúrulegum ástæðum sbr. umfjöllun í Valdimar Gunnarsson o.fl. 2012. Aðrar veðurfarslegar breytingar gætu einnig komið fram s.s. varðandi veðurhæð og úrkomu (ísing). Hækkun meðalhita segir því væntanlega aðeins hluta sögunnar þegar kemur að aðstæðum til eldis í sjókvíum. Í skýrslunni er nefnt að ekki séu heimildir fyrir því að ísing hafi valdið það miklum skemmdum á sjókvíum á Íslandi að eldisfiskur hafi sloppið úr þeim, þó mörg dæmi séu um að ísing hafi skemmt búnað. Hins vegar er ekki gerð grein fyrir því hvar og við hvaða veðurfarslegu skilyrði sjókvíar hafa verið staðsettar hér við land og hvort þær aðstæður séu sambærilegar við þær aðstæður sem geti komið upp á fyrirhuguðum eldissvæðum í Ísafjarðardjúpi. Þekkt er að óveður og óviðráðanleg ísing í Ísafjarðardjúpi hefur valdið þar miklum skaða (sbr. mikil sjóslys þar í febrúar 1968 sem rekja mátti til ísingar í aftaka veðri).

Fullyrt er í skýrslunni að göngutími laxaseiða úr ám í Ísafjarðardjúpi sé að mestu upp úr miðjum júní og fram í júlí. Engar heimildir eru gefnar fyrir þessu og virðist vera sett fram með þeim hætti að það styðji rökstuðning höfundar seinna í skýrslunni um lítil áhrif eldisins á gönguseiði laxa. Einnig er fullyrt að gera megi ráð fyrir að seiðin úr ám í Ísafjarðardjúpi leiti fljótt út úr því til hafs. Engar niðurstöður rannsókna styðja þessa fullyrðingu. Ályktanir um sjávarvöl bleikju í Ísafjarðardjúpi í skýrslunni byggja heldur ekki á rannsóknum þaðan.

Almennt séð er lítið gert úr verðmætum laxveiðiáa í Ísafjarðardjúpi og laxastofnum þar. Sem dæmi byggir umfjöllun um Langadalsá að því er virðist á gömlum upplýsingum, þrátt fyrir að aðgengilegar séu nýrri úttektir á ánni. Þekking á ám hér á landi og fiskstofnum þeirra, hefur aukist mjög á síðustu áratugum, auk þess sem kröfur um umgengni við árnar og lífríki þeirra hafa aukist. Því er eðlilegt að fjallað sé um veiðiár í Ísafjarðardjúpi út frá nýjustu upplýsingum sem fyrir liggja um þær og núverandi viðhorfum varðandi sjálfbæra nýtingu.

Í skýrslunni er gefið sterklega í skyn að aflatoppar í Langadalsá séu til komnir vegna seiðasleppinga, án þess að færð séu fyrir því rök. Ekki kemur fram að höfundur hafi gögn máli sínu til stuðnings og verður því að líta á niðurstöður hans sem marklausar fullyrðingar sem settar eru fram í þeim tilgangi að varpa rýrð á sjálfbærni laxastofn árárnar. Vegna umfjöllunar í skýrslunni um veiði, sleppingar og endurveiði laxa í Langadalsá, er ástæða til að nefna að veiða-sleppa hefur aðeins verið stundað þar síðustu ár og í litlu magni. Veiðin hefur sveiflast eins og þekkt er í öðrum laxveiðiám og þrátt fyrir að færa megi rök fyrir því að framleiðslugeta árárnar hefði jafnvel getað verið meiri á einhverjum tímum, hefur afli farið nærri 500 löxum (sjá mynd)



Laxveiði í Langadalsá árin 1950-2013.

Í frummatsskýrslunni er dreginn í efa trúverðugleiki skýrslu frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hvað varðar óbein og afleidd áhrif við útreikninga á verðmætasköpun laxveiðiáa, þar sem höfundur frummatsskýrslu þykir þeir útreikningar sýna of háar tölur. Engin rök eru færð fyrir þessari niðurstöðu höfundar frummatsskýrslunnar. Ekki verður heldur séð að þegar verið er að fjalla um umhverfisáhrif af sjókvíældi í Ísafjarðardjúpi, séu það boðleg rök að ekki sé lengur heilsársbyggð á svæðinu og því ekki um að ræða tekjur íbúa sem þar búa. Með þessu virðist vera ýjað að því að verðmæti náttúrunnar sé minna þar sem enginn sé búsettur á svæðinu, en gera verður þá kröfu að hagsmunir náttúrunnar séu virtir, sem og landeigenda hvort sem þeir eru búsettir á svæðinu allt árið eða ekki.

Fram kemur í skýrslunni að sjóbleikju hafi fækkað í Ísafjarðardjúpi. Þetta er reynslan víða um land og hefur m.a. verið tengt breytingum á umhverfisskilyrðum, þó það orsakasamhengi hafi ekki verið rakið til fullnustu. Í ljósi þess má telja enn frekari ástæðu til að huga að sjóbleikjustofnunum og horfa til þeirra þegar upp koma hugmyndir sem raskað gætu viðkomu þeirra enn frekar en þegar er. Má nefna að hlýnandi loftslagi á norðurhveli jarðar hefur haft mikil áhrif á viðkomu og stofnstærð margra tegunda lífvera og hefur verið mikil umfjöllun um það á alþjóðavísu. Það skýtur því skökku við að minnkandi stofnar, a.m.k. að hluta til af mannavöldum, sé notuð sem rök fyrir því að ekki beri að taka tillit til þeirra við mat á áhrifum framkvæmda.

Höfundur frummatsskýrslunnar geri lítið úr hættu af laxalúsasmiti frá eldissvæðunum á villta stofna laxfiska, þrátt fyrir vandamál vegna laxalúsar víða erlendis. Samkvæmt skýrslunni er hafin rannsókn á grunnástandi hvað varðar laxalús á sjóbleikju og sjóbirting í Ísafjarðardjúpi, sem nemi í Haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða vinnur að. Rannsóknin hófst sumarið 2014, en þá var fiskur fangaður í net á tveimur stöðum í Djúpinu. Veitt var þrisvar sinnum og alls veiddust 3 silungar. Lokaskýrsla er væntanleg á vormánuðum. Ætlunin er að vakta tíðni laxalúsa meðan á eldinu stendur, m.a. með veiðum á sjóbleikju og sjóbirtingi. Rétt er að benda á að um veiðar laxfiska í sjó gilda lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, en samkvæmt þeim eru laxveiðar í sjó óheimilar og veiðar á göngusilungi háðar ströngum skilyrðum. Mikilvægt er að ef leyfðar vera veiðar á silungi vegna vöktunar, verði þær háðar ströngum skilyrðum og ekki gerðar nema með samþykki

hagsmunaðila og undir eftirliti opinberra aðila. Talið er í skýrslunni að áhrif af laxalús á villta laxastofna í Ísafjarðardjúpi séu tímabundin og séu afturkræf eftir að eldinu er hætt. Ekki er hægt að fallast á þá niðurstöðu þar sem viðvarandi sýking yfir lengri tíma getur leitt til minnkun stofna og valdið hnignun þeirra þannig að stofnstærðir minnki, fjölbreytileiki tapist eða þeir hverfi jafnvel alveg.

Áætlanir framkvæmdaáðila gera ráð fyrir s.k. þilsum til að hefta útbreiðslu laxalúsar við eldiskvíar. Ekki liggur fyrir reynsla af slíkum búnað í sjókvíaeldi hér á landi og óásættanlegt er að leyfa eldi af þessu umfangi þar sem þessi aðferð er ein forsenda mats á áhrifum framkvæmdarinnar.

Ekki er hægt að fallast á að áhrif af göngum strokufiska regnbogasilungs upp árnar séu óveruleg. Einnig er ástæða til að skýra nánar hvenær segja megi að áhrif séu afturkræf. Mikill munur er á því hvort áhrif ganga til baka á fáum árum eða á áratugum, sem og hvort þau ganga að fullu til baka eða villti stofninn standi eftir með aðra samsetningu/fjölbreytileika en áður var.

Í auglýsingu Landbúnaðarráðuneytisins nr. 460 frá 2004, um friðunarsvæði, er eldi laxfiska af eldisstofnum í sjókvíum óheimilt á fimm tilgreindum svæðum við strendur landsins. Þessar lokanir voru settar samkvæmt heimild í 77. gr laga nr. 76/1970. Í lagagreininni er veitt heimild til slíkra lokana að teknu tilliti til ýmissa þátta þ.m.t. stærð eldisins. Hugmyndir fiskeldisaðila hér á landi síðustu ár um heildarumfang sjókvíaeldis, eru um eldi sem er miklu mun stærra í sniðum en gert var ráð fyrir á árum áður. Einnig hefur þekking á áhrifum fiskeldis á umhverfi og villta stofna aukist. Í ljósi þess væri ástæða til að gera úttekt á þeim svæðum sem ekki hefur verið lokað, s.s hvort loka eigi alveg fleiri svæðum eða loka þeim fyrir fiskeldi umfram ákveðið umfang. Þetta myndi geta verið hluti af heildarúttekt á nýtingarmöguleikum svæðanna fyrir hinar ýmsu greinar til lengri tíma. Rétt er að halda því til haga að auglýsingin (nr. 460 frá 2004) kveður aðeins á um að ákveðin svæði séu lokað fyrir eldi laxfiska í sjókvíum. Hins vegar segir þar ekkert um að sjókvíaeldi sé leyft á þeim svæðum sem ekki eru nefnd og því ekki lokað. Hins vegar liggja fyrir heimildir stjórnvalda til frekari takmarkana.

Í frummatsskýrslunni er í löngu máli reynt að draga úr mikilvægi villtra laxastofna í ám í Ísafjarðardjúpi. Þar er m.a. talið að árlegar sleppingar laxaseiða í Langadalsá síðustu árin séu sennilega meiri en framleiðslugeta árinna af náttúrulegum laxagönguseiðum. Fjöldi endurheimtra laxa í ána úr seiðasleppingum er síðan í skýrslunni uppreiknaður í nokkurn fjölda. Þetta er gert þrátt fyrir að þær rannsóknir sem til eru á hreistursýnum á laxi úr Langadalsá bendi til þess að endurheimtur af þessum seiðum geti verið mjög litlar (Sigurður Már Einarsson og Ingi Rúnar Jónsson 2014a). Höfundur ályktar að sleppingar gönguseiða í ána hafi aukið laxagengd á síðustu árum fram yfir náttúrulega afkastagetu laxveiðiána. Vert er að hafa í huga að sveiflur í laxgengd stjórnast annars vegar af sveiflum í seiðaframleiðslu ána og hins vegar breytilegum afföllum í sjó. Sleppingar gönguseiða jafna ekki út þessar sveiflur. Hins vegar eru engin gögn að baki þeirri fullyrðingu höfundar skýrslunnar að laxgengdin sé umfram náttúrulega framleiðslugetu árinna. Má í því sambandi vísa til rannsókna á búsvæðum Langadalsár til seiðauppeldis sem gerð var sumarið 2013 (Sigurður Már Einarsson og Ingi Rúnar Jónsson 2014b). Þar kemur fram að Langadalsá sé í hópi bestu laxveiðiáa á Vestfjörðum og að búsvæðamatið sýni að meginhluti farvegar Langadalsár hafi botngerð sem er góð til hrygningar og uppeldis laxaseiða. Einnig að möguleiki sé að seiðaframleiðsla Langadalsár hafi ekki náð hámarki á undanförunum áratugum t.a.m. vegna of lítills hrygningarstofns og talið líklegt að hrygningarstofn Langadalsár hafi oft á tíðum verið of lítill til að fullnýta framleiðslugetuárinna (Sigurður Már Einarsson og Ingi Rúnar Jónson 2014a, 2014b). Miðað við þessar forsendur má allt eins

telja að gæði Langadalsár sem laxveiðiár sé enn meiri en veiðitölur undanfarinna áratuga hafa gefið til kynna og að náttúruleg framleiðslugeta hennar sé í raun meiri en veiðitölur benda til.

Í lögum um fiskrækt nr. 58 frá 2006 er fiskrækt skilgreind sem „Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni“ og fiskræktarslepping sem „Slepping samstofna smáseiða eða gönguseiða í því skyni að auka fiskigengd í veiðivatni“. Í sömu lögum er hafbeit hins vegar skilgreind sem „Slepping gönguseiða til sjógöngu og fjöngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað þegar þeir ganga úr sjó í ferskvatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða“. Í frummatsskýrslunni talar höfundur um sleppingar gönguseiða í Langadalsá og Hvannadalsá sem hafbeit, þrátt fyrir að honum megi ljóst vera að um sé að ræða fiskræktarsleppingar. Ekki verður annað sé en þetta sé m.a. gert til að afvegaleiða lesendur skýrslunnar og verður að teljast ámælisvert í ljósi þess. Rétt er að benda á að í fyrrnefndum lögum eru sett skýr skilyrði fyrir fiskræktarsleppingum, s.s. hvað varðar fiskræktaráætlun og uppruna sleppiseiða. Veiðifélagi er skylt að gera fiskræktaráætlun til fimm ára í senn, en hlutverk hennar er m.a. að tryggja að fiskrækt sé þannig staðið að vistkerfi villtra ferskvatnfiskstofna stafi ekki hætta af.

Eigendur Arngerðareyrar og Laugabóls í Ísafirði leggja traust sitt á stjórnvöld um að hagsmunum þeirra sem landeiganda og veiðiréttarhafa verði ekki á neinn hátt stefnt í hættu. Jafnframt lýsa þeir ábyrgð á hendur framkvæmdaaðila og stjórnvalda ef af því verður.

#### Heimildir:

Sigurður Már Einarsson og Ingi Rúnar Jónsson. 2014a. Laxastofn Langadalsár 1950 – 2013. Veiði, hrygning og nýliðun. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST/14016.

Sigurður Már Einarsson og Ingi Rúnar Jónsson. 2014b. Búsvæðamat á vatnasvæði Langadalsár við Djúp 2013. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST/14017.

Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, Elís Hlynur Grétarsson, Gísli J. Kristjánsson, Hallgrímur Kjartansson, Ketill Elíasson, Kristján G. Jóakimsson, Ólafur Helgi Haraldsson, Sverrir Haraldsson og Þór Magnússon 2012. Þorskeldiskvóti: Yfirlit yfir föngun og áframeldi þorsks á árinu 2010. Hafrannsóknastofnunin *Hafrannsóknir* 161: 3-17.

Reykjavík 6. janúar 2015

Landeigendur Arngerðareyrar og Laugabóls

Asta Jónsdóttir  
18115872519  
Ingi Rúnar Jónsson  
tel: 230756-0079

Ingi R. Jónsson  
110965-3629  
Arngerður Jónsdóttir  
071072-3129